



# SAMBAND ÍSLENSKRA TRYGGINGAFÉLAGA

Association of Icelandic Insurance Companies

S/174

*Alþingi*

*Erindi nr. P 133/236*

Alþingi,  
efnahags- og viðskiptanefnd,  
nefndasvið Alþingis,  
Austurstræti 8-10,  
150 Reykjavík.

*komudagur 23.11.2006*


Suðurlandsbraut 6  
108 Reykjavík  
Sími/Tel.: +354-568 1612  
Telefax: +354-568 9664  
www.sit.is 22. nóvember 2006

**Efni: Frumvarp til laga um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, 266. mál.**

Með bréfi efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dags. 15. þ.m., er Sambandi íslenskra tryggingafélaga (SÍT) sent ofangreint frumvarp til umsagnar. Af því tilefni skal eftirfarandi atriðum hreyft:

1. Áætlaður rekstrarkostnaður Fjármálaeftirlitsins á árinu 2006 er rúmlega 410 milljónir króna, og á næsta ári, þ.e. 2007, er ráð fyrir því gert að hann verði 601 milljónir króna. Er það hækkun um rúmlega 45% milli ára. Í þessum fjárhæðum er raunar reiknað með „eingreiðslu framlagi“ á árinu 2007 vegna samkomulags við Lífeyrissjóð bankamanna að fjárhæð rúmlega 33 milljónir króna, sem stjórnvöldum sýnist sjálfsagt, að eftirlitsskyldir aðilar standi straum af að fullu með álöguðum eftirlitsgjöldum sínum. Væri litið framhjá þeirri óvenjulegu eingreiðslu, væri hækkun milli árunna 2006 og 2007 eigi að síður rúmlega 38%. Launakostnaður vegur langþýngst í rekstri Fjármálaeftirlitsins. Hefur hann vaxið jafnt og þétt frá stofnun Fjármálaeftirlitsins. Þannig voru ársverk Fjármálaeftirlitsins á fyrsta starfsári þess 24, en munu áætluð a.m.k. 42 á árinu 2007. Þá liggja þegar fyrir áform um enn frekari fjölgun starfsmanna á árinu 2008. Vissulega hafa lögboðin verkefni Fjármálaeftirlitsins farið vaxandi á undanförunum árum, og ekki skal úr því dregið, að Fjármálaeftirlitið gegnir mikilvægu hlutverki fyrir bæði fjármálastarfseminu og viðskiptamenn aðila á því sviði. Eigi að síður er ekki unnt að verjast þeirri hugsun, að stjórnvöld, og þar með löggjafinn, slaki á taumnum gagnvart aðhaldi í rekstri Fjármálaeftirlitsins, þar sem eftirlitsskyldum aðilum er gert að standa undir starfseminni að öllu leyti með beinum greiðslum eftirlitsgjalda. Í öllu falli er ljóst, að aðrar opinberar stofnanir, sem verða að byggja starfsemi sína á framlögum á fjárlögum, hafa almennt ekki notið sambærilegs vaxtar í mannahaldi og þar með kostnaði og Fjármálaeftirlitið, frá því að það hóf starfsemi sína árið 1999. Stjórnendur Fjármálaeftirlitsins hljóta að verða að gæta ítrasta aðhalds í rekstrinum á sama hátt og stjórnendur annarra sambærilegra stofnana á vegum hins opinbera.
2. Fulltrúi SÍT á aðild að svonefndri samráðsnefnd eftirlitskyldra aðila vegna starfsemi Fjármálaeftirlitsins, og stóð að umsögn þeirrar nefndar, sem fylgir frumvarpi þessu, merkt fylgiskjal III. Af hálfu SÍT er að öðrn leyti en framan hefur verið rakið vísað til þeirra sjónarmiða, sem samráðsnefndin í umsögn sinni setur fram.

Með vinsemd og virðingu  
SAMBAND ÍSLENSKRA TRYGGINGAFÉLAGA

  
Sigmar Ármannsson